

## Útskriftarræða Jól 2015 – Ástrós og Andri

### **Ástrós:**

Kæru samnemendur, kennarar og aðrir góðir gestir.

Til hamingju með daginn.

Ástrós og Andri heitum við og viljum við þakka ykkur fyrir að vera með okkur hér í dag. Við fengum þann heiður að flytja ræðu fyrir hönd útskritarnemanna.

Við erum bæði að ljúka námi við skólann í staðnámi. Ég stundaði námið við framhaldsdeildina á Patreksfirði á meðan Andri var hér í Grundarfirði.

Að stunda nám í framhaldsdeildinni á Patreksfirði er öðruvísi. Það er í senn krefjandi og skemmtilegt. Við þurfum bæði að sýna sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði ásamt því að bera ábyrgð á okkar vinnu.

Að hafa kennarann ekki alltaf við hendina getur verið erfitt og þeir sem hafa stundað nám við skólann vita að kennarinn getur gleymt okkur hinu megin við fjörðinn.

Það eru þó nokkrir útvaldir tímar í viku þar sem okkur er sjónvarpað upp á vegg í kennslustofunni og við í stöðugu sambandi við kennarann, hann hefur einn míkrafón sín megin og við annan okkar megin.

Að hafa þann eiginleika að geta slökkt á hljóðinu okkar megin getur verið mjög þægilegt. Oft fara samræðurnar hjá okkur lengra en ætlast var til í byrjun og getur meiri hluti tímans farið í samræður okkar á milli og einbeytingunni löngu tapað. Það kemur svo í bakið á okkur á endanum, þegar kennarinn spyr okkur nánar út í efnið sem um var rætt í tímanum.

Að koma í skólann í Grundarfirði einu sinni í mánuði er svo allt annað umhverfi. Við komum frá Vestfjörðum í viku og gistum í Stykkishólmi. Það myndast alltaf ákveðin stemming hjá okkur í kringum þessar ferðir og góður andi er ávallt í hópnum sem er mjög samheldin.

### **Andri:**

Eins og komið hefur fram heiti ég Andri og hef stundað nám hérna í Fjölbrautarskólanum í þrjú og hálf ár. Tíminn hefur liðið ótrúlega hratt og þótt við trúum því eða ekki þá er komið að útskrift. Þessi ár hafa verið gríðarlega skemmtileg bæði hvað varðar nám og félagslíf og er ég viss um að flestir samstúdentar mínir séu sammála mér þegar ég segi að þetta séu líklegast skemmtilegustu og mest krefjandi ár lífs okkar til þessa. Þegar ég hugsa til baka rifjast upp mörg skemmtileg atvik en það sem stendur sérstaklega uppúr er ferð sem ég fór með þýskuhópnum mínum til Berlínar. Sú ferð varð til þess að hópurinn er mun nánari og erum við öll mjög góðir vinir í dag. Sömuleiðis fengum við að spreyta okkur á þýskunni og lærðum um sögu og menningu Berlínarborgar en það er eitthvað sem við munum búa lengi að. Þessi ferð er bara eitt dæmi en skólinn hefur kennt okkur gríðarlega margt sem mun án efa nýtast okkur vel í framtíðinni. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð og öguð vinnubrögð en einnig er lögð mikil áhersla á tjáningu. Þetta mun allt saman hjálpa okkur í áframhaldandi námi eða vinnu. Mig hálfpartinn kvíður fyrir því að þurfa að yfirgefa skólann og hverfa inn í fjöldann í háskólunum en hvergi annarsstaðar er finna eins persónulegt og náíð skólasamfélag og hér. Þess á ég eftir að sakna. Að lokum langar mig að þakka fyrir hönd okkar allar, kennurum, öðru starfsfólki skólans og öllum samnemendum okkur fyrir frábæran tíma. Sjáumst úti í hinum stóra heimi. Takk.